



## 4. Verklagsreglur um flýtingu á lokum náms við grunnskóla Hafnarfjarðar

Á við um þegar óskað er eftir að nemandi ljúki grunnskólanámi án þess að sitja 9./10. bekk grunnskóla.

4.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á lok grunnskólagöngu barns til skólastjóra grunnskóla barnsins. Æskilegt er að ósk um flýtingu á lokum grunnskólanáms berist í lok 8. bekkjar.

4.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn starfsfólks skólans.

**Í umsögn starfsfólks skóla (umsjónarkennari eða annar aðili) þarf að koma fram:**

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu og samskipti við börn og fullorðna.
3. Styður nemendaverndarráð umsókn foreldra/forsjáraðila?

3.3. Umsögn skóla skal berast skólastjóra grunnskóla sem fyrst en eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsögn eru ráðgefandi.

4.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn starfsfólks skóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Skilyrði fyrir slíkri samþykkt er að nemandi gangist undir námsmats sem skóli stendur fyrir og tengist útskrift nemenda á hverjum tíma. Í því felst að nemandi skal uppfylla námslegar forsendur í námsmati skólans í samræmi við matsviðmið hæfniviðmiða í aðalnámskrá grunnskóla (2013) fyrir hvert námssvið (nú námssvið að lykilhæfni meðtalinni). Standist nemandi ekki umrædd viðmið (t.d. ári fyrir hefðbundna útskrift) útskrifast hann ekki þá þrátt fyrir samþykki skólastjóra um flýtingu (en útskrifast þá í síðasta lagi eftir 10 ára grunnskólagöngu). Umræddar upplýsingar skulu koma fram í samþykktarbréfi skólastjóra til foreldra/forsjáraðila.
- ii. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu á grunnskólalokum skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 32. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).
- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruheimild til fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Afrit af bréfinu er sent til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
- iv. Staðfesti fræðsluráð ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kæruheimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðsluráð ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra jákvæða afgreiðslu.

Reglur þessar voru staðfestar í fræðsluráði Hafnarfjarðar 23. september 2015

Hafnarfirði 30. september 2015

  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu